

STJÓRNARTÍÐINDI A 2 — 1970

18. marz 1970.

219

Nr. 11.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar,
og lögum nr. 83 29. des. 1967.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við fyrri mgr. 46. gr. (4. gr. laga nr. 83/1967) bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

- f. Að greiða ferðastyrki til sjúklinga, sem af nauðsyn leita læknishjálpar erlendis, svo og til fylgdarmanna þeirra, þegar alveg sérstaklega stendur á. Tryggingaráð setur reglur um úthlutun styrkja samkvæmt þessum staflið. Síðasti málsliður í staflið c í 2. mgr. fellur niður.

2. gr.

Á eftir 3. mgr. 49. gr. (7. gr. laga nr. 83/1967) komi ný mgr., svo hljóðandi:

Nú er samlagsmanni brýn nauðsyn að vistast í erlendu sjúkrahúsi, vegna þess að ekki er unnt að veita honum nauðsynlega hjálp í íslenzku sjúkrahúsi, og greiðir þá sjúkratryggingadeildin þann hluta kostnaðar við sjúkrahúsvistina, ásamt læknishjálp og annarri þjónustu á sjúkrahúsinu, sem umfram er hæsta daggjald íslenzkra sjúkrahúsa, eða allan kostnaðinn, ef niður er fallinn réttur sjúklings á hendur samlagi, samkv. 1. mgr. Ráðherra skipar nefnd, sem úrskurðar um, hvort téð skilyrði eru til staðar, svo og hvar samlagsmenn skuli vista erlendis. Nú er samlagsmaður vistaður á öðrum og dýrari stað erlendis en nefndin hefur ákveðið, og greiðir þá sjúkratryggingadeild aðeins þann kostnað, sem greiða hefði átt á þeim stað, sem hún ákvað. Í nefndina skal skipa tvo yfirlækna við Landsspítalann, yfirlækni við Borgarspítalann og yfirlækni við St. Jósefsspítalann, Landakoti. Tryggingayfirlæknir á sæti í nefnd þessari og skal hann vera formaður hennar. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd málsins.

3. gr.

Aftan við 1. mgr. 52. gr. bætist: sbr. og 4. mgr. 49. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 18. marz 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

A 28